

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Davíðs Aðalsteinssonar um útflutning dilkakjöts til Bandaríkjanna.

1. Hlutur landbúnaðarráðuneytisins.

Í júlímánuði s.l. kynnti Sigurgeir Þorgeirsson, ráðunautur í sauðfjárrækt, fyrir hönd Landssamtaka sauðfjárbænda landbúnaðarráðherra að áhugi væri á að kanna möguleika á sölu lambakjöts í Bandaríkjunum því að ástæða væri til að ætla að hagstæðara verð mætti fá þar en á öðrum mörkuðum erlendis þar sem íslenskt dilkakjöt væri selt.

Sigurgeir fór síðan ásamt Gunnari Páli Ingólfssyni til Bandaríkjanna í sama mánuði til að kanna markaðshorfur. Á grundvelli athugana sinna gerðu þeir Gunnar Páll og Sigurgeir að ósk landbúnaðarráðherra tillögur um framkvæmd markaðsátaks í Bandaríkjunum.

Ráðherra samþykkti að unnið skyldi að útflutningstilraun og höfð hliðsjón af þeim tillögum sem lagðar höfðu verði fram er m.a. vörðuðu samskipti við viðskiptaaðila, val á kjöti, undirbúning í sláturhúsi og fleira.

Væntanlegum viðskiptaaðilum frá Bandaríkjunum var boðið til Íslands í október til viðræðna og samningsgerðar. Hingað komu fyrir hönd fyrirtækisins Pride of Iceland Ívar Guðmundsson og J. McGourty sem er eigandi þess. Af hálfu seljenda önnuðust viðræður Steinar Berg Björnsson, þáverandi formaður útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, skv. tilnefningu ráðherra en Sigurgeir Þorgeirsson og Jóhannes Kristjánsson fyrir hönd Landssambands sauðfjárbænda.

Viðræður stóðu dagana 4. til 8.nóvember s.l. og gerðu aðilar með sér drög að samkomulagi um sölu á 80 tonnum kjöts til Pride of Iceland árið 1986 fyrir um það bil 100–110 ísl. kr. á kg og áframhald sölu næstu fimm ár. Sölu- og kynningarkostnaður er ekki innifalinn í þeirri fjárhæð. Skv. samningsdrögumum átti kaupandi að setja fullnægjandi tryggingar fyrir andvirði kjötsins en honum var gefinn kostur á greiðslufresti í þrjá til fjóra mánuði eftir aðstæðum.

Samkomulag varð með aðilum um að samningurinn yrði yfirfarinn í New York af bandarískum lögfræðingum áður en hann yrði undirritaður. Steinar Berg Björnsson reyndi síðan í nóvember að ná fundi McGourtys í New York til að ljúka samningi en tókst það ekki. Staðfest pöntun og trygging frá McGourty barst aldrei.

Í janúarmánuði fóru Sigurgeir Þorgeirsson og Jóhannes Kristjánsson til Bandaríkjanna til viðræðna við McGourty og eftir þær viðræður tilkynntu þeir slit á samstarfi við hann og fyrirtækið Pride of Iceland.

Ráðuneytið hefur eftir þessi málalok lagt áherslu á það við búvörudeild SÍS að selja það kjöt sem var sérstaklega valið vegna hinna væntanlegu viðskipta og er ekki bógbundið eins og annað kjöt úr íslenskum sláturhúsum. Kjötið er enn óselt.

2. Kostnaður.

Kostnaður, sem ráðuneytið hefur séð um greiðslu á vegna máls þessa, er greiddur af Framleiðnisjóði og sundurliðast þannig:

Landssamband sauðfjárbænda	150 000 kr.
Gunnar Páll Ingólfsson	224 736 kr.
Sigurgeir Þorgeirsson	16 976 kr.
Steinar Berg Björnsson	56 339 kr.
Ívar Guðmundsson	54 331 kr.
Flutningskostnaður	9 341 kr.

Flugfargjöld	66 206 kr.
Hótelkostnaður	102 143 kr.
Auglýsingar og prentun	100 326 kr.
	<hr/>
Samtals	780 326 kr.

3. Árangur af þessari tilraun.

Vísað er til svars við fyrstu spurningu.

Þess skal jafnframt getið að vegna tilraunarinnar var unnið undirbúningsstarf við pökkun og frágang í samráði við kröfur á Bandaríkjamarkaði.

Úrbætur voru gerðar á sláturhúsi Kaupfélags Borgfirðinga í Borgarnesi þannig að það fullnægir nú kröfum bandarískra yfirvalda varðandi kjötinnflutning. Þess er vænst að slíkar aðgerðir muni skila árangri.

Fylgiskjal.

Bréf Sigurgeirs Þorgeirssonar til landbúnaðarráðherra.

(Dags. 7. febrúar 1986.)

Á fundi, sem haldinn var í ráðuneyti yðar 23. jan. s.l. vegna útflutningstilaunar til Bandaríkjanna, óskuðuð þér álits undirritaðs og Jóhannesar Kristjánssonar, formanns Landssamtaka sauðfjárbænda, á því hvert skyldi vera næsta skref að fengnum málalokum við J. McGourty í New York. Við lögðum til að þér færuð þess á leit við búvörudeild SÍS að hún hæfi þegar athugun allra möguleika til að hefja útflutning á sérpökkuðu dilkakjöti á neytendamarkað í Bandaríkjunum þar sem leitast yrði við að kynna vöruna og skapa henni sérstöðu á markaði. Enn fremur kom fram að LS mundi halda áfram að reyna að afla sölusambanda þar vestra og yrði ráðuneyti yðar og búvörudeild SÍS gert viðvart um leið og eitthvað kæmi fram sem okkur þætti athugunar virði.

Virðingarfyllst,

Sigurgeir Þorgeirsson.